

Fundargerð fjallskilaneftndar Eyja og Miklaholtshrepps 15. ágúst 2018

Mættir. Svanur Guðmundsson, Sigurbjörn Magnússon, Guðbjartur Gunnarsson, Halldór Jónsson og Eggert Kjartansson sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði honum.

1. Mál. Ákveðin tilhögun fjallskila. Eftirfarandi var ákveðið á grundvelli fjárfjölda Fjallskilaskildar eru 1707 kindur, eða um 43 fullorðnar kindur á bak við dagsverkið. Einungis eru lögð á dagsverk vegna útrétta, réttaviðgerða og eyði eða búlausra jarða sem eiga fjallendi. Lagt er 1 dagsverk á eigendur slíkra jarða en önnur dagsverk lögð á fjáreigendur sem eiga fé sitt á fjalli. Ábúendur jarða skulu að öðru leiti smala sín heimalönd og koma óskilafé í tæka tíð til réttar eða í safngirðingar. Því er treyst að landeigendur/ábúendur leysi ofangreind verk vel og samviskusamlega af hendi og stuðli þannig að því að fé komist í hendur réttra eigenda.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.